

Miðvikudaginn 21. maí 1958.

Nr. 216/1957. **Ákærvaldið**

(Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

Gunnari Valgeiri Kristjánssyni

(Lárus Jóhannesson hrl.).

Dómendur:

**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,
Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann
Snævarr.**

Áfengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3000 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Fallast má á ákvörðun héraðsdóms um 300 króna sekt til rikissjóðs á hendur verjanda ákærða í héraði, og komi varðhald 2 daga í stað sektar hans, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Að öðru leyti þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Valgeir Kristjánsson, greiði 3000.00 króna sekt í Menningarsjóð, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þorvaldur Þórarinsson héraðsdómslögmaður greiði 300 króna sekt í rikissjóð, og komi varðhald 2 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greiddi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Jónssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 2000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkurflugvallar 17. október 1957.

Ár 1957, fimmtudaginn 17. október, kl. 14.00, var í sakadómi Keflavíkurflugvallar af Magnúsi E. Guðjónssyni, fulltrúa lög-
reglustjóra, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 373/1957: Ákærvaldið gegn Gunnari Valgeiri Kristjánssyni, en mál þetta var dómtekið 17. f. m.

Mál þetta er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Gunnari Valgeiri Kristjánssyni, Sólbakka, Ytri-Njarðvík, með ákæruskjali, útgefnu í varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins 17. ágúst s.l., birtu ákærða 2. f. m. Er nefndur Gunnar Valgeir ákærður fyrir áfengis- og gjaldeyrislagabrot samkvæmt 18. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyris mála, fjárfestingarmála o. fl., með því að hafa föstudaginn 5. apríl s.l. um kl. 21.30 selt varnarliðsmanninum Jesse Rivera, A/1C, eina flösku af gin, merкта Áfengisverzlun ríkisins, fyrir \$10.00 í svokölluðum hermannagjaldeyri, en viðskipti þessi fóru fram á Keflavíkurflugvelli í bifreið ákærða, G 333. Er hann ákærður til að sæta refsingu samkvæmt 39. gr. áfengislaganna og 11. gr. áðurgreindra laga nr. 88/1953 svo og til upptöku hins ólöglega móttækna gjaldeyris samkvæmt 11. gr. sömu laga, nr. 88/1953, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 22. marz 1928. Hann hefur því náð sakhæfisaldri og er sakhæfur að öðru leyti.

Hann hefur áður sætt eftirtöldum refsingum:

Í Hafnarfirði:

1948 7/10 Sátt, kr. 100.00 sekt fyrir brot gegn bifreiðalögum.

1956 19/3 Sátt, kr. 75.00 sekt fyrir ökuhraða.

Á Keflavíkurflugvelli:

1956 26/7 Áminning fyrir tolllagabrot.

Málsatvik eru þau, að föstudagskvöldið 5. apríl s.l. um kl. 21.00

hringdi varðstjóri í lögreglu varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, Robert W. Morse að nafni, til Lárusar Kristjáns Péturssonar, varðstjóra í íslenzku lögreglunni þar, og bað hann að koma til viðtals við sig til lögreglustöðvar varnarliðsins. Er þangað kom, skýrði nefndur Morse Lárusi Kristjáni frá því, að varnarliðsmaður nokkur hefði gefið herlögreglunni upplýsingar um, að hann hefði keypt áfengi af öikumanni bifreiðarinnar G 333, ákærða í máli þessu. Einnig hafði Lárusi Kristjáni borizt til eyrna annars staðar frá orðrómur um, að ákærði seldi áfengi.

Lárus Kristján Pétursson varðstjóri hefur borið, að hann hafi talið rétt að ganga þá þegar úr skugga um, hvort upplýsingar þær, er hann hafði fengið um hinn ólöglegu háttsemi ákærða, væru réttar, og að hann hefði talið eðlilegt og sjálfsagt undir þessum kringumstæðum að nota þá uppljóstrunaraðferð, sem almennt væri notuð til að upplýsa leynivínsölu, þ. e. að fá einhvern til að kaupa áfengi af ákærða.

Fór Lárus Kristján þess á leið við Robert W. Morse, að hann fengi varnarliðsmann til samvinnu við íslenzku lögregluna við rannsókn málsins. Fékk nefndur Morse herlögreglumann af nafni Jesse Rivera til aðstoðar íslenzku lögreglunni í þessu skyni og fékk honum í hendur tvo 5 dollaraseðla í varnarliðsgjaldeyri (Military Payment Certificates), en áður höfðu þeir Lárus Kristján og Morse ritað hjá sér númer seðlanna. Var lagt fyrir Jesse Rivera að fara til útibús Aðalstöðvarinnar á flugvellingnum gegnt flugvallarhótelinu og falast eftir að kaupa þar áfengi af ákærða. Ef kaup tækjust, skyldi hann láta aka sér að skála T 32 á vellingnum, en þar hugðust Lárus Kristján og Morse bíða.

Hefur vitnið Jesse Rivera skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi umrætt sinn hitt mann utan dyra téðrar bifreiðastöðvar og hafi hann innt mann þenna eftir áfengi til kaups. Maðurinn hafi beðið sig að doka við, en síðan brugðið sér inn í stöðvarbygginguna. Innan stundar hafi annar maður komið út úr byggingunni og gengið rակleitt í átt til vitnisins. Síðar kom í ljós, að maður þessi var ákærði. Bar vitnið upp sama erindi við mann þenna. Kveður vitnið ákærða hafa svarað: „O.K.“ og bent sér að setjast inn í framsæti bifreiðarinnar G 333, er stóð þarna á bifreiðastæðinu, en sjálfur hafi ákærði setzt við hlið hans í framsæti bifreiðarinnar G 333. Hafi ákærði aðeins sagt hafa gin og dregið undan framsæti bifreiðarinnar eina flösku af gin og sagt, að hún kostaði \$ 10.00. Kvaðst vitnið hafa fengið honum hina tvo merktu \$ 5.00 seðla sem greiðslu og tekið um leið við flöskunni og stung-

ið henni inn á sig. Bað vitnið ákærða síðan að aka að skála T 32. Á leiðinni þangað kveður vitnið ákærða hafa farið að tala við sig. Hafi hann spurt sig, hve lengi hann (vitnið) væri búinn að dvelja hérlendis. Kvaðst vitnið hafa sagt honum, að hann væri nýkominn til landsins frá Flórída. Ekki kvað vitnið aðrar samræður hafa farið fram þeirra á milli. Vitnið kveður ákærða hafa stöðvað bifreiðina við skála T 32. Er vitnið var í þann veginn að stíga út úr bifreiðinni, komu þeir Lárus Kristján og Morse á vettvang og settust inn í bifreiðina. Ekki kvaðst vitnið hafa talað frekar við ákærða, en fylgzt með til lögreglustöðvar varnarliðsins og fengið Lárusi Kristjáni ginflöskuna, er þangað var komið.

Vitnið Lárus Kristján Pétursson hefur skýrt svo frá samskiptum sínum og ákærða umrætt sinn, að hann hafi ásamt áðurgreindum Morse verið búinn að bíða örskamma stund við skála T 32, er bifreiðina G 333 bar þar að. Kvaðst hann ásamt Morse hafa gengið að bifreiðinni, opnað afturhurð hennar og setzt í aftursætið. Sá hann, að Rivera, er sat í framsætinu, var með áfengisflösku innanklæða. Kvað vitnið ákærða hafa ávarpað sig á ensku og spurt, hvert aka skyldi, en vitnið kvaðst þá hafa sagt til nafns og hafi ákærði þá sagzt skilja, hvernig málum væri komið og hafi hann þá strax viðurkennt að hafa selt varnarliðsmanninum eina flösku af gin fyrir \$10.00. Bað vitnið ákærða að aka til lögreglustöðvar varnarliðsins og koma þar inn. Þar yfirheyrði vitnið ákærða, sem viðurkendi, að hann hefði selt umræddum varnarliðsmanni eina gin-flösku fyrir \$10.00 í hermagnagjaldeyri, en flösku þessa hefði hann geymt í bifreiðinni.

Vitnið Gunnar Albertsson lögregluþjónn hefur borið, að hann hafi hlýtt á ákærða, er hann endurtók viðurkenningu sína um áfengissölu á lögreglustöð varnarliðsins.

Vitnið Lárus Kristján Pétursson hefur enn fremur borið, að ákærði hafi afhent sér alls \$11.00 í hermagnagjaldeyri, \$10.00 andvirði áfengisflöskunnar og \$1.00, er ákærði kvaðst hafa fundið í bifreið sinni. Er leitað hafði verið á ákærða og í bifreið hans með hans leyfi, var honum leyft að fara.

Ákærði hefur fyrir dómi skýrt svo frá málavöxtum, að hann hafi umrædd sinn verið staddur inni í byggingu Aðalstöðvarinnar, er Lárus Guðbrandsson bifreiðarstjóri kom inn og kvað mann, sem vantaði bifreið, bíða úti. Kvaðst ákærði hafa farið út og hitt þar fyrir varnarliðsmann, sem strax hafi hafið máls á því, að sér væri kalt. Hafi hann þá boðið manningnum inn í bifreið sína, G 333. Hafi maðurinn, eftir að inn í bifreiðina var komið, haldið áfram

að tala um kuldann og að hann væri nýkominn til landsins og fleira í sama dúr. Kvaðst ákærði í fyrstunni hafa haldið, að maðurinn væri með áfengisáhrifum. Hafi nú maðurinn hafið máls á því, hvort hann gæti ekki fengið keypta flösku af einhvers konar áfengi, svo að hann gæti sofnað. Kvaðst ákærði hafa færzt undan þessari bón mannsins og sagt honum, að hann gæti ekki orðið við henni. Bað nú maðurinn ákærða að aka að skála T 32. Kvaðst ákærði þá hafa farið að vorkenna manningum og hafi hann ákveðið að láta manninginn fá ginflösku, er hann hafði keypt í Áfengisverzlun ríkisins í Reykjavík og hafði geymda undir framsæti bifreiðarinnar, en ákærði kvaðst hafa ætlað áfengi þetta til að veita gestum, er hann átti von á í heimsókn til sín þá um kvöldið. Lét hann manninginn því hafa flösku þessa. Hafi maðurinn þá spurt, hvað hann skuldaði mikið, ef hermannadollar væru lagðir til grundvallar. Þar eð í ljóst hafi komið, að maðurinn hafði enga íslenzka peninga meðferðis, kvaðst ákærði hafa sagt manningum, að „þetta“ kostaði \$ 10.00. En ákærði kvað það hafa verið meiningu sína, að þessir \$ 10.00 í hermannagjaldeyri yrðu greiðsla bæði fyrir ökuferðina og áfengisflöskuna. Fékk maður ákærða síðan tvo 5 dollara seðla í hermannagjaldeyri.

Ákærði kvaðst hafa afhent Lárusi Kristjáni, er komið var á herlögreglustöðina og áður en farið var að leita á honum, \$ 11.00 í hermannagjaldeyri. Þá kvaðst hann hafa látið tilleiðast að undirritia játningu um áfengissölu og játað hana rétta í viðurvist 3 íslenzkra lögregluþjóna, enda verið mjög miður sín.

Ákærði viðurkenndi við yfirheyrslu í sakadómi, að hann hefði selt téðum varnarliðsmanni ginflösku, sökum þess að hann hefði kennt í brjósti um manninginn og viljað gera honum greiða.

Undir rekstri málsins hefur ákærði og réttargæzlumaður hans og síðar skipaður verjandi, Þorvaldur Þórarinsson hdl., haldið því fram, að ekki hafi umrætt sinn verið um sölu eða verzlun með áfengi að ræða í skilningi áfengislaga, heldur hafi ákærði afhent varnarliðsmanninum flöskuna í greiðaskyni og tekið við títtnefndum \$ 10.00 í varnarliðsgjaldeyri sem tryggingu, en ekki sem greiðslu, enda sé hermannagjaldeyrir ekki gjaldmiðill og skráð mynt í skilningi íslenzkra laga og geti því ekki skoðast sem greiðsla af neinu tagi. Enn fremur, að gjaldmiðill þessi sé verðlaus með öllu, nema sem ávísun á vörur í sérverzlunum varnarliðsins, sem engir aðrir en varnarliðsmenn eigi aðgang að. Og að ekki sé hægt með löglegum hætti að skipta gjaldmiðli þessum í mynt nokkurs lands. Skipaður verjandi ákærða hefur krafizt

sýknu honum til handa af ákæru fyrir brot á áfengislögum og það jafnvel þótt ákærði hafi eitthvert augnablik talið, að um refsivert atferli hafi verið að ræða af hans hálfu, en ímynduð brot og ónothæf tilraun til brots sé refsilaus.

Þá hefur skipaður verjandi ákærða einnig krafizt sýknu hans af ákæru vegna gjaldeyrislagabrots samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 á þeim grundvelli, að hermannagjaldeyrir sé ekki sú tegund gjaldeyris, sem við sé átt í téðu lagafyrirmæli, heldur muni lögin eiga við gjaldmiðil, er sæti skráningu hér á landi. Verjandinn hefur haldið því fram, að ákærði hafi ekki verzlað, ekki keypt umræddan gjaldmiðil. Og jafnvel þótt umræddur gjaldmiðill yrði talinn erlendur gjaldeyrir í skilningi íslenskra laga, sem verjandinn mótmælir kröftuglega, eigi að gefast hæfilegur tími til að skila gjaldeyrinum, þar eð móttaka hans ein saman feli ekki í sér brot.

Loks hefur verjandi ákærða krafizt þess, að ákærukröfu um upptöku ólöglega móttækis gjaldeyris verði hafnað, þar eð móttaka gjaldmiðilsins hafi ekki verið ólögleg.

Ákærði krefst þess, að sakarkostnaður allur verði greiddur af almannafé.

Samkvæmt játningu ákærða, er styðst við framburð vitnisins Jesse Rivera og önnur gögn málsins, er sannað, að ákærði lét af hendi við greint vitni eina 3 pela flösku af gin, merкта Áfengisverzlun ríkisins, gegn \$ 10.00 í varnarliðsgjaldeyri.

Dómarinn lítur svo á, að endurgjaldið, varnarliðsgjaldeyririnn, sé verðmæti, enda er gjaldmiðill þessi notaður sem jafngildi bandarískra dala í skiptum meðal varnarliðs Bandaríkjanna á varnarsvæðum hérlendis og enn fremur er fram komið, að ákærði hefur litið á gjaldmiðil þennan sem verðmæti, þar eð hann kveðst hafa veitt honum viðtöku sem tryggingu.

Með því að láta af hendi áfengi gegn verðmætum hefur ákærði gerzt brotlegur við 18. gr. áfengislaga nr. 58/1954, svo sem greint er í ákæruskjali.

Dómurinn lítur svo á, að ákærði hafi ekki, með því að veita viðtöku gegn verðmæti téðum \$ 10.00 í varnarliðsgjaldeyri „verzlað“ með gjaldeyri í merkingu 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 212/1953, þar eð kaup eða móttaka erlendis gjaldeyris ein saman fela ekki í sér brot. Ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna af broti á 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

Sýkna ber ákærða samkvæmt framansögðu um kröfu ákæruvaldsins um upptöku ólöglega móttækis gjaldeyris.

Refsing ákærða samkvæmt 39. gr. áfengisлага nr. 58/1954 þykir hæfilega ákveðin 1.000.00 króna sekt til Menningarsjóðs og komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Í skriflegri vörn sinni, dskj. nnr. 7, hefur skipaður verjandi ákærða, Þorvaldur Þórarinsson hdl., viðhaft meðal annars svohljóðandi ummæli um störf Lárusar Kristjáns Péturssonar lögregluvarðstjóra við rannsókn máls þessa: „Tel ég, að hér sé um geðbilunarkennda ofsókn að ræða . . .“. Þykja hin tilvitnuðu ummæli verjandans mjög ósæmleg og þykir rétt samkvæmt heimild í 160. gr. sbr. 159. gr. laga nr. 27/1951 að dæma hann til greiðslu 300.00 króna sektar til ríkissjóðs vegna téðra ummæla.

Eftir atvikum þykir rétt, sbr. 2. mgr. 141. gr. laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála, að skipta greiðslu sakarkostnaðar í máli þessu, þannig að ákærði greiði helming sakarkostnaðar, þ. á m. málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvaldar Þórarinssonar hdl., kr. 1.500.00, en helmingur sakarkostnaðar greiðist úr ríkissjóði.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms í máli þessu. Stafar dráttur þessi af miklum önnum við embættið.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Valgeir Kristjánsson, greiði 1.000.00 króna sekt í Menningarsjóð, en sæti varðhaldi í 7 daga, verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði helming sakarkostnaðar í máli þessu, þ. á m. málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvaldar Þórarinssonar hdl., kr. 1.500.00, en helmingur sakarkostnaðar greiðist úr ríkissjóði.

Skipaður verjandi, Þorvaldur Þórarinsson hdl, greiði 300.00 króna réttarfarssekt, er renni í ríkissjóð.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.